 ÍSFUGL	Jafnréttisstefna 3.4.1	Kaflaheiti: 3. Starfsfólk
		Útgefið dags: 17.10.2021
		Útgáfa nr. 3
		Samþykkt:

Ábyrgð:

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisstefnunni sé fylgt eftir.


Stefna og markmið:

Jafnréttisstefnu Ísfugls ehf. er ætlað að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum innan fyrirtækisins. Jafnréttisstefnan byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Markmið laganna er m.a. að koma í veg fyrir mismunun og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum á öllum sviðum. Markmið stjórnenda Ísfugls ehf. eru því:

- Að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum og vinna samkvæmt lögum og kröfum um jafnrétti kynjanna og jafna meðferð á vinnumarkaði
- Að gera stöðugar umbætur, vera með efirlit og viðbrögð við breytingum sem kunna að koma.
- Að gæta skuli jafnréttis við ráðningar og tilfærslur í starfi, sem þýðir að hæfasti umsækjandinn sé ætíð valinn út frá málefnalegum sjónarmiðum svo sem hæfni, færni, menntun og reynslu.
- Að kynna öllum starfsmönnum jafnréttisstefnu fyrirtækisins.
- Að leitast við að jafna hlutfall kynjanna í hinum ýmsu störfum.
- Að gæta skuli jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsfólks á vinnustaðnum.
- Að greiða skuli jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Að allt starfsfólk skuli eiga jafnan aðgang að endurmenntun og þjálfun.
- Að starfsfólki sé kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Að einelti og kynferðisleg áreitni séu ekki liðin.

Jafnréttisstefnuna skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Dags. 9. desember 2021


 Jón Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Ísfugls ehf.